

Nefnasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Athugasemdir vegna breytingartillögu meirihluta atvinnuveganefndar um breytingu á þingsályktun nr. 13/141 (áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða) og frávísunartillögu minnihluta atvinnuveganefndar – 244. mál, 144. löggjafarþing.

Ég mótmæli því að færa Hvamms- Holta- og Urriðafossvirkjanir úr biðflokki í nýtingarflokk.

Ástæðurnar eru einkum:

Ásýnd sveitanna mun gjörbreytast um ókomna framtíð og útilokað er að færa landið til fyrra horfs. Landslagi í og við Þjórsá verður umturnað allt frá Þjórsárdal til sjávar og mun það hafa neikvæð áhrif á búsetuskilyrði og mannlíf.

Í mínum huga er Þjórsárdalur gersemi sem ber að vernda. Umrætt svæði, sem nú er rætt um að sökkva, er anddyri Þjórsárdals. Svæðið er líka anddyri að hálendi Íslands. Tilhugsunin um að aka upp sveitirnar þegar búið verður að raska öllu meðfram Þjórsá er óbærileg.

Fossar hafa tilvistargildi, eru verðmætir og verða eflaust enn verðmætari í framtíðinni. Búðafoss, Hestafoss og Urriðafoss verða eyðlagðir. Ég sætti mig ekki við það. Hagaey og Árnesi verður sökkt að hluta. Minna-Núpshólmi og Ölmóðsey verða tæpast nefndar eyjar þar sem mest öll Þjórsá mun fara aðra leið. Eyjarnar hafa mikið náttúruverndargildi og tilfinningagildi fyrir marga íbúa sveitarinnar og aðra.

Mikil umferð og ónæði munu verða á svæðinu meðan á fyrirhuguðu brólti stendur liggja ekki fyrir, a.m.k. hafa þær ekki verið kynntar.

Meðfram Þjórsá eru einstaklega fallegar og góðar göngu- og reiðleiðir. Við höfum ekki leyfi til að eyðileggja slíkar perlur, leyfum afkomendum okkar að njóta þeirra. Útivistarsvæðin í grennd Þjórsár verða ekki svipur hjá sjón.

Í gegnum aldirnar hefur niður Þjórsár hljómað í eyrum fólksins í sveitinni. Á mörgum bæjum var hlustað á árnidinn til að átta sig á veðrabrigðum og voru þessi náttúruhljóð tekin mjög alvarlega. Það verður mikið af okkur tekið ef við getum ekki sjálf farið út, spáð í veðrið og hlustað á náttúruna.

Mín kynslóð man fátækt, eldiviðarskort og ljósleysi. Í allsnægtum nútímans er engin ástæða til að eyðileggja náttúru og landslag nema græðgin ein ráði för.

Framkvæmdin snertir hagsmuni allra Íslendinga, ekki bara okkar sem búum hérna á svæðinu. Þær snerta ekki síður þá sem eiga eftir að lifa í þessu landi. Ein til tvær kynslóðir geta ekki leyft sér að virkja allt sem virkjanlegt er. Komandi kynslóðir gætu fengið betri hugmyndir um

nýtingu landsins en stíflugarða og lón. Við höfum ekki leyfi til að fullnýta allar okkar auðlindir. Við höfum landið aðeins og láni og eigum að skila því til komandi kynslóða.

Ég óska þess að mín fallega sveit fái að vera í friði, meðan ekki vantar rafmagn til að tryggja búsetu og almannahag í landinu. Ég er á móti þessum framkvæmdum vegna þess að ég elska landið mitt.

Virðingarfyllst,

Margrét Eiríksdóttir, Eystra-Geldingaholti
Kt. 1212252639